



Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lífi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.
Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Ísland er land þitt

Magnús Þór Sigmundsson - Margrét Jónsdóttir

*Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Söngur: Tindatríó - Atli Guðlaugsson,
Bjarni Atlason, Guðlaugur Atlason
Útfararþjónusta Akraneskirkyju*

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness

*Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Safnadarheimilinu Vinaminni
að athöfn lokinni*



Halldór Norðquist Grímsson

Fæddur 1. júní 1940

Dáinn 8. janúar 2023



*Útför frá Akraneskirkyju
föstudaginn 20. janúar 2023*

Forspil Gabriels Oboe Ennio Morricone

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstígans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörmur og sól,
hljómi samt harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður
og heldur ósjálfbjarga, því er verr.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Horfið er nú sumarið og sólin,
Í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin;
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt verð ég að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt verð ég að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur með blómum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál.
Gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður á strönd.
Funduð stað, sameinað, beggja sál.

Ég gái út um gluggann minn
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar.
Ég reyndar sé þig alls staðar.
Þá napurt er, það nærdir hér og nístir mig.
Jóhann Helgason -
Vilhjálmur Vilhjálmsson

Ritningarorð

Þar sem englarnir syngja sefur þú.
Sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú.
Að ljósið bjarta skæra.
Veki þig með sól að morgni.
Veki þig með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól.
Lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn, frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta.
Vekja hann með sól að morgni.
Vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljós.
Lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós.
Tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni.
Þú vekur hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál.
Svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál.
Slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni.
Svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær.
Faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær.
Aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni.
Svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens

Guðspjall

Tíminn líður áfram og hann teymir mig á eftir sér
og ekki fæ ég miklu ráðið um það hvert hann fer.
En ég vona bara hann hugsi soldið hlýlega til mín
og leiði mig á endanum aftur til þín.

Ég gaf þér forðum keðju úr gulli um hálsinn þinn,
svo gleymdir þú mér ekki í dagsins amstri nokkurt sinn.
Í augunum þínum svörtu horfi ég á sjálfan mig um hríð
og ég vonaði að ég fengi bara að vera það alla tíð.

Það er margt sem angrar en ekki er það þó biðin
því ég sé það fyrst á rykinu hve langur tími er liðinn
og ég skrifa þar á eitthvað með fingrinum sem skiptir öllu máli
því að nóttin mín er dimm og ein og dagurinn á báli.

Já og andlitið þitt málað hve ég man það alltaf skýrt,
augnlínur og bleikar varir brosið svo hýrt.
Jú ég veit að ókeypis er allt það sem er best
en svo þarf ég að greiða dýru verði það sem er verst.

Ég sakna þín í birtingu að hafa þig ekki við hlið mér
og ég sakna þín á daginn þegar sólin brosir við mér
og ég sakna þín á kvöldin þegar dimman dettur á
en ég sakna þín mest á nóttunni er svipirnir fara á stjá.

Svo lít ég upp og ég sé við erum saman þarna tvær
stjörnur á blárrí festingunni sem færast nær og nær,
ég man þig þegar augu mín eru opin hverja stund
en þegar ég nú legg þau aftur fer ég á þinn fund.
Magnús Þór Jónsson (Megas)

Minningarorð

Minn bátur er búinn
til brottfarar úr steindri vör
Með sál mína siglir hann lúinn
nú síðustu lagt er í för.

Og Þegar lífsbókin lokast
og landið mitt hverfur í haf
í suðrænum þey burtu þokast
ég þakka allt sem almættið gaf.

Þegar tónarnir týnast
í tómið og allt verður hljót
og myndir og minningar sýnast
í móðu er fellur á nótt.

Ég ykkur að síðustu segi
að sitthvað ég betur gat gert
og gjarnan ég villtist af vegi
og valdi margt ámælisvert.

Ég bið fyrir byggð og fósturjörð,
ég bið fyrir gæfu og vonum.
Stattu um vinina mína vörð
og vaktu yfir dætrum og sonum.
Svo bið ég þig Guð sem gafst mér flest
geri það bljúgur í sinni.
Verndaðu hana sem var mér best
vaktu yfir ástinni minni.

Í skjólin flest fýkur,
allt fellur í gleymskunnar dá
og jarðneskri vist minni lýkur,
lokast í hinna sinn brá.

Á ævileið áfangar vinnast
og ykkur ég sagt ykkur get jú það
að aftur svo ástvinir finnast
á öðrum og bjartari stað.

Ég bið fyrir byggð og fósturjörð,
ég bið fyrir gæfu og vonum.
Stattu um vinina mína vörð
og vaktu yfir dætrum og sonum.
Svo bið ég þig Guð sem gafst mér flest
geri það bljúgur í sinni,
verndaðu hana sem var mér best
vaktu yfir konunni minni.

Minn bátur er búinn,
til brottfarar úr steindri vör.
Með sál mína siglir hann lúinn
nú síðustu lagt er í för.

Og Þegar lífsbókin lokast
og landið mitt hverfur í haf
í suðrænum þey burtu þokast
ég þakka allt sem almættið gaf.

Björn Eidsvåg -
Halldór Hallgrímsson

Bæn / Faðir vor

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta,
á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vöttnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
23. Davíðssálmur - Margrét Scheving